

Barnahús

Einkenni ofbeldis gegn börnum

Harpa Oddbjörnsdóttir
Sálfræðingur og sérhæfður rannsakandi

Samband íslenskra sveitarfélaga – forvarnarteymi grunnskólanna
31. mars 2022

Harpa Oddbjörnsdóttir



Barnahús



- Stofnað 1. nóvember 1998
- Staðsett í íbúðarhverfi í Reykjavík
- 9 stöðugildi
- Þjónar börnum frá 3½ árs til 18 ára
- Kynferðisofbeldi, líkamlegt ofbeldi, heimilisofbeldi
- Fylgdarlaus börn



Harpa Oddbjörnsdóttir

Markmið Barnahúss




- Samstarf milli ólíkra fagaðila; barnavernd, lögregla, ríkissaksóknari og lækna þegar börn verða fyrir ofbeldi
- Samstarf við aðra fagaðila sem starfa með börnum; BUGL, Stuðlar, MST
- Barnvænlegt umhverfi
- Allar upplýsingar á einum stað
- Tryggja að barnið og fjölskyldan fái viðeigandi greiningu og meðferð
- Tryggja þekkingu í málefnum barna sem eru þolendur ofbeldis



Harpa Oddbjörnsdóttir

Ferli mála



Harpa Oddbjörnsdóttir

- Rannsóknarviðtöl
 - Skýrslutökur fyrir dómi
 - Könnunarviðtöl fyrir barnavernd
 - Viðtöl fyrir Útlendingastofnun
- Sérhæfð greining og meðferð
- Læknisskoðun
- Ráðgjöf til fagaðila og almennings



Skýrslutaka fyrir dómi

- Skýrslutaka í Barnahúsi
- 3½ til 15 ára
- 15-18 ára hjá lögreglu
- Tekið upp
- Gagnreynd viðtalstækni
- Spyrill með þekkingu á þroska barna
- Dómari stýrir skýrslutöku
 - Fulltrúi ákærvalds
 - Verjandi sakbornings
 - Réttargæslumaður brotaþola
 - Lögregla
 - Barnaverndarnefnd



Harpa Oddbjörnsdóttir

Könnunarviðtal

- Fulltrúi bvn viðstaddur
- Sama viðtalstækni
- Gerandi undir sakhæfisaldri
- Systkini þolenda
- Alvarleg kynferðisleg hegðun
- Óljósar upplýsingar
- Ekki vilji til að kæra



Harpa Oddbjörnsdóttir

Útlendingastofnun



- Fylgdarlaus börn - ein á flóttu
 - Fulltrúar frá Útlendingastofnun
 - Talsmaður frá Rauða krossinum
 - Barnavernd
 - 35 börn á tveimur árum 2016-2017
 - Ekkert barn á tveimur árum 2020-2021 vegna Covid
 - Bvn. ber ábyrgð á að tryggja viðeigandi meðferð



Harpa Oddbjörnsdóttir

Ofbeldi gegn börnum

- Kynferðisofbeldi
 - Kynferðislegum athöfnum, orðum eða myndum er beitt gegn vilja þess sem fyrir ofbeldinu verður svo hann hlýtur skaða af
 - Lögð er refsing gegn „samræði eða öðrum kynferðismökum við börn“ og að „áreita barn kynferðislega“
- „Kynferðisleg áreitni“ felst m.a. í að strjúka, þukla eða káfa á kynfærum eða brjóstum innan klæða sem utan.
- Undir „önnur kynferðismök“ fellur m.a. munnmök, endaparmsmök, hlutur/fingur settir í leggöng eða endaparm, kynfæri sogin eða sleikt, gerandi lætur þolanda fróa sér og viðhefur samræðishreyfingar milli læra þolanda, þjóhnappa hans eða á maga
- Stafrænt kynferðisofbeldi

Harpa Oddbjörnsdóttir

Ofbeldi gegn börnum

- Líkamlegt ofbeldi
 - Líkamlegu afli er beitt gegn öðrum einstaklingi
- Andlegt ofbeldi
 - Barn er móðgað, kallað ónöfnum eða komið er fram við það á ómanneskjulegan eða niðrandi hátt
 - Barn verður vitni að ofbeldi milli foreldra sinna
- Vanræksla
 - Skortur á viðeigandi umönnun barns sem getur valdið því skaða

Er barn beitt ofbeldi?

- Ekkert eitt einkenni bendir til ofbeldis gegn barni
- Ef barn sýnir mörg einkenni – er ef til vill ástæða til að skoða það frekar
- Sum einkenna geta komið fram vegna annarra streituvekjandi aðstæðna í lífi barnsins
- Rannsóknir benda til þess að börn sem hafa verið beitt kynferðisofbeldi séu líklegri til að glíma við hegðunar- og tilfinningalegan vanda
- Oft koma einkennin fram í andlegri vanlíðan eða líkamlegum umkvörtunum sem eiga sér ekki læknisfræðilegar skýringar
- Tökum alvarlega öll vanlíðunareinkenni barna og unglinga



Harpa Oddbjörnsdóttir


Þrír flokkar – grunur um kof

- Sjálfskaðandi hegðun
 - Skera, rispa, brenna, hárreyta, stinga sig með oddhvössum hlutum (fremur stúlkur en drengir)
 - Ofbeldishneigð hegðun (fremur drengir en stúlkur), lítil sjálfsvirðing, sjálfsfyrirlitning, vímuefnaneysla
- Kynferðisleg hegðun
 - Kynferðislegur leikur, óeðlilega mikið tal um kynlíf sem er ekki aldurssamsvarandi, kynferðisleg hegðun sem víkur frá eðlilegri hegðun og áhuga jafnaldra, strípihneigð, áreita yngri börn (oftar drengir), kynferðislega ögrandi hegðun (oftar stúlkur), stofna til kynferðislegra sambanda á undan jafnöldrum, leiðast í vændi
- Hegðunarfrávik
 - Vanlíðun, einbeitingarerfiðleikar, hegðunarvandi, draga sig í hlé, vilja hverfa, ósýnileg, markaleysi

Einkenni ofbeldis í miðbernsku

Almennt:

- Skyndileg breyting á hegðun og líðan (grátur, óhlýðnast)
- Missa áhugann (s.s. á íþróttaiðkun, tómstundum, námi, vera með vinum)
- Líkamlegar umkvartanir
- Athyglisvandi
- Kvíði og depurð
- Erfiðleikar í námi
- Seinkun í hugrænum þroska
- Miklar skapsveiflur
- Breytt viðhorf – hætt að treysta
- Forðast sund og leikfimi



Harpa Oddbjörnsdóttir

Kynferðisofbeldi:

- Kynferðisleg hegðun
- Kynferðislegar teikningar
- Verða ósýnileg í skólanum
- Erfitt með að setja mörk
- Breytt viðhorf til sjálfs síns
- Virka fjarlæg
- Ósýnilegu börnin (vilja ekki draga að sér athygli)
- Reyna að sýnast eldri
- Skömm
- Óþægindi/áverkar/sýkingar á kynfærasvæði
- Erfitt með að sitja eða standa

Líkamlegt ofbeldi:

- Mikill hegðunarvandi
- Ýkt þátttaka í athöfnum utan heimilis
- Vilja ekki fara heim
- Á varðbergi
- Líkamlegir áverkar
- Erfitt með líkamlega snertingu



Harpa Oddbjörnsdóttir

Einkenni ofbeldis hjá unglingum

Kynferðisofbeldi:

- Missir áhuga (s.s. nám, tómstundir, íþróttir, hanga með vinum)
- Kynferðisleg hegðun
- Vanvirðing gagnvart líkama sínum
- Sjálfsskaðandi hegðun – vímuefni/áhættuhegðun
- Á mikla peninga eða fær gjafir
- Breyttar matarvenjur/átröskun
- Skortur á hreinlæti eða of mikið hreinlæti
- Erfiðleikar í námi og samskiptum
- Útlitsbreytingar
- Þunglyndi og kvíði
- Pukur í kringum net/símanotkun
- Lág sjálfsmat, öðrum ekki sett mörk
- Áfengis- og vímuefnaneysla

Líkamlegt ofbeldi:

- Einangra sig
- Býður ekki vinum heim
- Vilja ekki fara heim
- Ýkt þátttaka í athöfnum utan heimilis
- Forðast að tengjast öðrum
- Hegðunarvandi og áhættuhegðun
- Alltaf á varðbergi
- Treysta ekki öðrum
- Taka of mikla ábyrgð



Harpa Oddbjörnsdóttir

Kynferðislegur lágmarksaldur

- Flest mál er koma til kasta lögreglu og dómstóla og lúta að kynferðisofbeldi barna varða brot á aldursákvæði 202. gr. hgl.:
 - „Hver sem hefur samræði eða önnur kynferðismök við barn, yngra en 15 ára, skal gæta fangelsi ekki skemur en 1 ár og allt að 16 árum. Lækka má refsingu eða láta hana falla niður, ef gerandi og þolandi eru á svipuðum aldri og þroskastigi“
- Afstaða barnsins til verknaðarins skiptir engu máli.

Þættir sem hafa áhrif á hvort barn segir frá ofbeldi

- Þættir sem snúa að barninu:
 1. Ábyrgð
 2. Tæling
 3. Leynd
 4. Dómur annarra
 5. Verður mér trúað
 6. Vanþekking
- Þættir sem snúa að fjölskyldu/vinum/geranda
 1. Gerandi fjölskyldumeðlimur/fjölskylduvinur
 2. Afleiðingar
 3. Flóknar tilfinningar



Harpa Oddbjörnsdóttir

Viðbrögð við ofbeldisfrásögn

Barnið:

- Lengi langað að segja frá
- Segir “óvart” frá
- Óskar eftir trúnaði
- Treystir viðkomandi
- Börn taka á sig sökina af ofbeldinu
- Líður illa
- Segir vini frá

Fullorðnir:

- Hlusta og hvetja
- Trúa barninu
- Ekki spyrja í þaula
- Forðast leiðandi spurningar
- Útskýra framhaldið
- Ekki sýna neikvæð svipbrigði eða viðbrögð
- Hrósa fyrir að hafa sagt frá

Tilkynningaskylda samkvæmt barnaverndarlögum

Tilkynningarskylda þeirra sem afskipti hafa af börnum

“Hverjum þeim sem stöðu sinnar og starfa vegna hefur afskipti af málefnum barna og verður í starfi sínu var við að barn búi við óviðunandi uppeldisskilyrði, verði fyrir áreitni eða ofbeldi eða að barn stofni heilsu sinni og þroska í alvarlega hættu er skylt að gera barnaverndarnefnd viðvart.

Sérstaklega er leikskólastjórum, leikskólakennurum, dagmæðrum, skólastjórum, kennurum, prestum, læknum, tannlæknum, ljósmæðrum, hjúkrunarfræðingum, sálfræðingum, félagsráðgjöfum, þroskajálfum og þeim sem hafa með höndum félagslega þjónustu eða ráðgjöf skylt að fylgjast með hegðun, uppeldi og aðbúnaði barna eftir því sem við verður komið og gera barnaverndarnefnd viðvart ef ætla má að aðstæður barns séu með þeim hætti sem lýst er í 1. mgr.

Tilkynningarskylda samkvæmt þessari grein gengur framár ákvæðum laga eða siðareglum um þagnarskyldu viðkomandi starfsstétta”

Barnaverndarlög nr. 80/2002 17. gr.

**THANK YOU
FOR COMING
TO MY
TED TALK**

Takk fyrir 😊

Harpa Oddbjörnsdóttir